

## Bókun

### vegna orlofs- og desemberuppbóta sem greiddar eru út jafnóðum með mánaðarlaunum

Með sáttatillögu ríkissáttasemjara hækka orlofs- og desemberuppbætur um kr. 30.000 umfram þá 2,8% hækkun sem gert er ráð fyrir í kjarasamningi frá 21. desember 2013. Orlofsuppbót hækkar um kr. 10.000 og desemberuppbót um kr. 20.000. Þar sem samið hefur verið um að orlofs- og desemberuppbætur séu innifaldar í mánaðarlaunum þá eru samningsaðilar sammála um að sérstök hækkun uppbóta sé ekki sjálfkrafa innifalin í mánaðarlaunum. Geta uppbætur komið sérstaklega til greiðslu í júní og desember samkvæmt þeim reglum sem kjarasamningar greina eða komið inn sem kr. 2.500 heildarhækkun mánaðarlauna.

Reykjavík 31. mars 2014

F.h. Samiðnar

F.h. Samtaka atvinnulífsins